



# JARÐVANGSVIKA REYKJANES GEOPARK

**Dagana 27. maí - 8. júní 2019** fer fram Geoparkvika á Reykjanesi í sjöunda sinn. Sambærilegar vikur fara fram í öllum evrópskum jarðvöngum um þetta leyti árs. Markmiðið er að gefa íbúum og gestum kost á að kynna jarðsögu og menningu svæðisins með fjölbreyttum uppákomum.

## DAGSSKRÁ

### 27.5-8.6 – REYKJANES GEOPARK Í BÓKUM

Bókasöfnin fimm á Suðurnesjum munu dagana

**27. maí – 8. júní** kynna sérstaklega bækur sem fjalla um sögu, mannlíf, náttúruferðir og útivist í Reykjanes Geopark.

### 27.5 – ÚTIVIST Í GEOPARK – HRAUNAHRINGURINN MEÐ WAPPINU OG VESENI OG VERGANGI

Fyrsta ganga sumarsins á vegum Útivist í Geopark.

Gengið er um svæðið þar sem Mið-Atlantshafshryggurinn rís úr sæ. Gengið er frá bílastæði við Reykjanesvita um misgengi á mörkum Evrasíuflekans og Norður-Ameríkuflekans, að vitanum á Skemmum, yfir Skálafell og að Gunnhver áður en haldið er til baka að bílastæðinu við Reykjanesvita.

Vegalengd: 7 km. Hækkun: 58 m. Erfiðleikastig: meðal.

### 1.6 – ELDFJALLADAGUR JARÐVANGA Í EVRÓPU – FRÆDSLUFUNDUR Í DUUS SAFNAHÚSI

Í tilefni af eldfjalladegi jarðvanganna í Evrópu býður Reykjanes jarðvangur upp á fræðsluerindi og umræður fyrir íbúa og aðra gesti í bíósalnum í Duus safnahúsi **kl. 10:30-12:00**.

Boðið verður upp á kaffi og kaffiveitingar. Daníel Þórhallsson meistaranemi í jarðfræði við Háskóla Íslands kynnis meistara-verkefnið sitt „Jarðfræði fyrirbrigði og breytingar á Reykjaneshrygg“. Elísabet Pálmarsdóttir, náttúruvísirfræðingur hjá Veðurstofu Íslands flytur erindið „Náttúruvávöktun á Reykjanesi – vöktun og virkni síðustu ár“ Þóra Björg Andrésdóttir, jarðfræðingur og safnkennari hjá Náttúruminjasafni Íslandi flytur erindið „Eldvirkni og eldgosavá á Reykjanesskaga“

### 3.6 – NÁMSFERÐ FYRIR STARFSFÓLK Í FERÐAÞJÓNUSTU

Mánudaginn 3. júní n.k standa Reykjanes Geopark og Markaðsstofa Reykjaness fyrir kynnisferð um Reykjanesið fyrir starfsfólk upplýsingaveita og ferðaþjónustufyrirtækja. Markmið með námskeiðinu og ferðinni er að efla þátttakendur í upplýsingagjöf og þjónustu við gestinn en ekki síst að gefa þeim tækifæri á að fræðast meira um Reykjanesið.

Skráðu þátttöku með því að senda póst á [markadsstofa@visitreykjanes.is](mailto:markadsstofa@visitreykjanes.is)

### 5.6 – FUGLA OG FJÖRUFERÐ MEÐ ÞEKINGARSETRI SUÐURNESJA

Fugla- og fjöruferð á Garðskaga frá **kl. 17:00-18:00**.

Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur hjá Þekkingarsetri Suðurnesja mun leiðbeina fólki við fuglaskoðun og fræða það um lífríki fjörunnar. Nauðsynlegt er að vera í vatnsheldum skóm og gott að hafa með sér sjónauka til að skoða fuglana.

### 8.6 – FJÖLSKYLDURATLEIKUR MEÐ ÞEKINGARSETRI SUÐURNESJA

Fjör í fjörunni í Þekkingarsetri Suðurnesja.

Skemmtilegur ratleikur fyrir alla fjölskylduna sem fer fram í Þekkingarsetrinu og nágrenni þess og tekur um klukkustund. Nauðsynlegt er að vera á bíl og klædd í samræmi við veður.

Ókeypis aðgangur verður að sýningum setursins fyrir þá sem taka þátt í ratleiknum sem verður í boði frá **kl. 13:00-17:00**.

### 8.6 – HREINSUM KROSSVÍK – DAGUR HAFSINS

Blái herinn, Reykjanes Geopark og Samband fyrirtækja í Sjávarútvegi (SFS) standa að hreinsunaráttaki í Krossvík í tilefni af Degi hafsins frá **kl. 13:00 – 15:00**.

Þeir sem vilja leggja áttakinu lið eru boðnir hjartanlega velkomnir með í för. Við bendum á að nota fjölnota hanska sem hægt er að þvo eftir hreinsunina, auk þess sem fjölnota innkaupapokarnir henta vel undir smærri rusl. Þá viljum við benda fólki á að vera í góðum skóbúnaði þar sem undirlag getur verið varasamt í fjörunni og klæða sig eftir veðri.

Fiskikör verða á svæðinu til að losa úr pokunum. Eftir hreinsun verður þátttakendum boðið upp á hressingu. Sérstaklega er vakinn athygli á því að þessi hreinsun hentar yngstu kynslóðinni illa þar sem svæðið getur verið erfitt yfirferðar og það tekur um 25 mínútur að ganga í víkina. Þátttakendum er bent á bílastæðið við Gunnhver að austanverðu.

Nánari upplýsingar um dagskrá vikunnar má finna inná [reykjanesgeopark.is](http://reykjanesgeopark.is).

**VIÐ HVETJUM YKKUR TIL AÐ TAKA ÞÁTT  
OG FÁ SEM FLESTA MEÐ Í FÖR.**

